

PÚLSINN



Bókasafn
Grundaskóla



372.05 Púl 2000;6 16758193

Púlsinn :

Grundaskóli



372.05
Púl
2000;6

SKÓLABLAÐ
GRUNDASKÓLA

1. tbl. - 6. árg.
Apríl 2000

Frá ritstjórn

Loksins er skólablaðið Púlsinn komið út. Í því tökum við púlsinn á skólalífinu, förum á stúfana og færum ykkur heitasta slúðrið innan skólans.

Það er krefjandi verkefni að fylgja eftir því glæsilega skólablaði sem kom út í fyrra. En við höfðum metnað til þess að reyna að gera enn betur og teljum að okkur hafi tekist ágætlega upp. Við vonum að þið séuð okkur sammála.

Þetta skólablað er framlag árgangs 1984 sem kveður skólann þegar þessu skólaári lýkur. Í blaðinu er efni fyrir fólk á öllum aldri, samið af fólki á öllum aldri, en nemendur yngri bekkjanna aðstoðuðu við gerð þessa blaðs.

Í ár var ákveðið að hafa sérstakt blaðaútgáfuval sem vinna skyldi að skólablaðinu. Hóf það störf við upphaf skólaárs og sá um hluta undirbúningsvinnunnar. Ritstjórn sá síðan um að raða brotunum saman.



Margir hafa komið að gerð þessa skólablaðs en helst viljum við þakka Ragnheiði Ásgeirsdóttur, sem stjórnaði ritstjórninni með harðri hendi.

Við vonum að þið hafið gagn og gaman af lestri blaðsins.

Með kveðju,
Ritstjórn

Ljóð

Sumar

Sumar er góður árstími um sumar vaxa blóm margir fara til útlanda að minnsta kosti nokkrir rosalega er gaman þá.

Aníta Lía Svansdóttir 5. J.K

Haust

Haustið gengur í garð. Amma býr til sultu. Ugla veidir mýs. Sumarið fer, tré sofna og verða eldri og eldri.

Leifur 5. J.K

Haustið

Það er kalt úti. Þá detta laufin. Þá byrjar skólinn. Þá getur komið rigning. Það dimmir þá. Þá þarf að nota vettlinga.

Amanda, Móeiður, Íris, Ásta, Unnur og Bryndís í 2. S.K.

Haustljóð

Haustið kemur Allir fara í hlý fót Undarlegt hvað árið breytist Skólinn byrjar Trén fara að fölna.

Lisbet Sigurðardóttir 5.b.

PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Guðbjartur Hannesson

Umsjón með útgáfu:
Ragnheiður Ásgeirsdóttir

Prentvinnsla:


Prentverk Akraness hf.



Heimsíða Grundaskóla:
<http://grundaskoli.ismennt.is>
Netfang Grundaskóla:
grund@ismennt.is

Guðbjartur Hannesson, skólastjóri:

Skólastarf Grundaskóla 1999 - 2000



Ágæti lesandi!

Þú hefur í höndunum vandað skólablað Grundaskóla, sem er unnið af nemendum undir stjórn kennara. Stefnt hefur verið að því að gefa út vandað skólablað árlega, blað sem fer víða og er góð kynning á skólanum. Þetta krefst mikillar vinnu og vil ég þakka öllum þeim sem gerðu útgáfuna mögulega fyrir þeirra framlag.

Hver vetur hefur sín sérkenni og áherslur þó skólastarfið sé um margt líkt frá ári til árs. Ný aðalnámskrá er farin að setja svip sinn á skólastarfið. Þannig er byrjað að kenna ensku í 5. bekk í vetur, lífsleiknin ryður sér til rúms og kennsla í náttúrufræði, upplýsinga- og tæknimennt eflist. Akranesbær leggur 1,5 milljónir króna til tækjakaupa í þessu skyni. Íslenska og stærðfræði eru kjarnagreinar og aukin áhersla er á íslensku í öllum námsgreinum. Á undanförunum árum hafa tengsl leikskóla og grunnskóla verið aukin og undirbúningur nemenda undir grunnskólanám hefur batnað. Jafnframt er verið að auka tengslin við framhaldsskólann og geta grunnskólanemendur í fyrsta sinn í langan tíma tekið áfanga í Fjölbautaskóla Vesturlands.

Áfram verður stefnt að því að leyfa afburðarnemendum að nýta sinn góða námsárangur. Í heild má segja að gerðar séu auknar kröfur til nemenda hvað varðar vinnu

bæði í skólanum og heima sem og hegðun og umgengni.

Samkvæmt nýrri samþykkt bæjarstjórnar hefur einsetningu Grundaskóla verið frestað til ársins 2002. Byggingaráætlun sem lögð var fram og samþykkt 1986 gerði ráð fyrir að skólinn yrði fullbyggður 1992. Seinkun á einsetningu skólans veldur miklum vonbrigðum, því hún er löngu orðin tímabær. Tvísetning skólans veldur nemendum og foreldrum verulegum óþægindum og gerir allt skólastarf erfiðara. Erfitt er að raða í fyrir og eftirhádegisbekki í skólabyrjun og mikil óánægja er með stundaskrár. Aukinn vikulegur tímafjöldi yngri bekkja kallar á sundurslitnar stundaskrár einstakra bekkjardeilda og kominn tími til að laga þetta. Þetta séríslenska fyrirbrigði að tvísetja skóla er orðið úrelt og mikilvægt að bæjarfélag eins og Akranes, sem vill bjóða upp á gott skólastarf, dragi ekki lappirnar lengur í þessum málum.

Í vetur hafa kennarar fjallað ítarlega um helstu markmið skólastarfsins. Rætt hefur verið um helstu kosti Grundaskóla og þau atriði sem betur mættu fara. Gerð hefur verið tilraun til að skilgreina fyrirmyndarkennara, fyrirmyndarnemanda og fyrirmyndarforeldri til að gera okkur betur grein fyrir hvaða væntingar og kröfur við höfum.

Meginmarkmið skólans, sem

eiga að minna okkur á hvað Grundaskóli vill standa fyrir, hafa verið samþykkt. Þetta er stundum kallað leiðarljós skólans.

Leiðarljós Grundaskóla

Grundaskóli býður upp á metnaðarfullt skólastarf sem byggir á góðu starfsumhverfi, góðri samvinnu starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái kennslu við hæfi. Bodið er upp á fjölbreyttar kennsluáferðir og lögð er áhersla á verklegar greinar ekki síður en bóklegar.

Gerðar eru kröfur til nemenda og starfsfólks um góða ástundun, dugnað, reglusemi, góða umgengni og kurteisi sem byggir á gagnkvæmri virðingu.

Bodið skal upp á góða sérfræðiaðstoð og ráðgjöf fyrir þá sem á þurfa að halda.

Nemendur njóta trausts innan skólans og fá tækifæri til öflugss starfs og hafa þannig jákvæð áhrif á skólastarfið. Þeir fá einnig að velja viðfangsefni við hæfi eftir því sem við verður komið og þroski þeirra leyfir.

Bestu þakkir til allra foreldra og nemenda fyrir gott samstarf. Stöndum saman um öflugt skólastarf í anda markmiðanna hér að ofan.

Forsetaheimsóknin

Miðvikudagurinn 15. september var stór dagur í sögu Grundaskóla, þá fengum við í fyrsta skipti þjóðhöfðingja í heimsókn, og ekki bara einn, heldur tvo. Það voru þeir herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Lennart Meri


forseti Eistlands sem komu hingað í fylgd fjögurra lögreglubíla og tveggja langferðabíla, sem voru fullir af fylgdarliði.

Lennart Meri fæddist árið 1929 og var sendiherrasonur. Faðir hans sat oft í fangelsi og Lennart sá fyrir fjölskyldunni með ritstörfum.

Hann útskrifaðist úr háskóla sem sagnfræðingur en fékk hvergi vinnu sökum skoðanna sinna. Bækur hans urðu gott kennsluefni og hann þýddi einnig margar bækur. Hans þekktasta bók heitir Silfurhvítur og fjallar um sögu Eystrasaltsríkjanna.

Lennart Meri var utanríkisráðherra er Ísland viðurkenndi sjálfstæði Eistlands, fyrst allra ríkja. Hann var kjörinn forseti Eistlands árið 1992 og endurkjörinn 1996.

Nemendur tóku fyrst á mótí forsetunum við Jaðarsbakkalaug fyrir hádegi. Eftir hádegið komu þeir síðan inn í skólabygginguna. Þeir byrjuðu á því að skoða yngri barnadeildina, og allt fylgdarliðið fylgdi á eftir þeim, þar á meðal skólastjórnir og forstýrur nemendaráðsins. Börnin tóku á mótí þeim með íslenskum og eistneskum fánum og veifudu forsetunum svo er þeir fóru.



Næst lögðu þeir leið sína niður á valsvæðin, og fylgdarliðið á eftir þeim. Fimm nemendur úr unglíngadeildinni spiluðu lagið „Summertime“ fyrir þjóðhöfðingjanna og fengu hrós fyrir frá Ólafi Ragnari.

Í næstu stofu skoðuðu þeir saumaverk nemenda.

Eftir rúntinn um skólann var farið upp á sal þar sem Guttí skólastjóri flutti ávarp sem Hrönn þýddi yfir á ensku fyrir Lennart Meri. Skólakórinn söng með und-



irleik Flosa Einarssonar og Harmonikusveit Tónlistarskólans flutti tvö lög.

Forstýrur nemendaráðsins afhentu forsetunum gjafir fyrir hönd nemenda og skólans.

Heimsókninni lauk svo með ávarpi Ólafs Ragnars þar sem hann lagði áherslu á að heimsókn Lennarts Meri til Íslands myndi hafa góð áhrif á samskipti þjóðanna.

Listin að skrifa

Kristín Steinsdóttir er einn þekktasti barnabókahöfundur á Íslandi og hefur verið um áraraddir. Hún hóf feril sinn árið 1987 og hefur hlotið íslensku barnabókaverðlaunin. Bækur hennar hafa verið þýddar á mörg tungumál og notið gífurlegra vinsælda. Nýjasta bók hennar heitir *Kleinur og karrí*. Við fórum í heimsókn til hennar og spurðum hana nokkurra spurninga.

Hvað hefur þú gefið út margar bækur og hver finnst þér skemmtilegust?

Ég hef gefið út 13 bækur alls og er með eina í vinnslu. *Kleinur og karrí* var sú þrettánda og hún gekk alveg ljómandi vel, þótt ég hafi haft áhyggjur af tölunni 13 sem sumir telja að boði ekki gott, því ég er nefnilega svolítið hjátrúarfull. Ég get ekki sagt hver mér finnst skemmtilegasta bókin, enda er ég ekki dómbær. Þó þykir mér ávallt vænst um nýjustu bækurnar sem ég skrifa, t.d. þykir mér núna vænst um *Kleinur og karrí*.

Nú skrifaðir þú um indverska



stúlku í nýjustu bók þinni, þekkir þú eitthvað til Indverja?

Já ég fór í fyrra á ráðstefnu í Delhi og ferðaðist í þrjár vikur um landið. Ég varð heilluð af landinu og kynntist mörgu fólki. Í fyrstu hafði ég ekki hugsað mér að hafa Indverja í bókinni, en þar sem ég var svo heilluð af lífsháttum þeirra

fannst mér tilvalið að hafa Indverja í bókinni og bera lífshættina saman við íslenska lífshætti. Þeir eru gjörólikir og finnst mér gaman að geta kynnt þá fyrir fólki, því það er alltaf gaman að læra um ólíka menningu.

*Af hverju heitir bókin *Kleinur og karrí*?*

Það er nú vegna þess að „kleinur“ er svo íslenskt en „karrí“ indverskt. Þess vegna er bókarkápan líka blá og appelsínugul með indverskum og íslenskum táknum. Í fyrstu ætlaði ég að láta bókina heita Þorskakvintettinn, en forlaginu fannst það of þungt. Við sættumst síðan á það að skíra bókina *Kleinur og karrí*.

Eru það þínir draumar sem rætast í bókunum sem þú skrifar?

Ekki alltaf, en stundum. Ég hef t.d. aldrei spilað á fiðlu eins og strákurinn gerir í nýju bókinni en mér finnst fiðla heillandi hljóðfæri. Ég held að rithöfundar séu oft að skrifa um eitthvað sem gæti verið gaman að gera jafnvel þó þá langi kannski ekki alltaf að framkvæma það sjálfir. Þeir setja sig bara í spor persónanna.

Skrifaðir þú margar sögur þegar þú varst litil?

Fyrstu söguna skrifaði ég í skólanum þegar ég var 10 ára gömul. Þá var ég hrifin af strák sem var nýfluttur í bæinn. Vandamálið var bara að það voru allar hinar stelpurnar líka, ég hafði s.s. engan séns í hann. Í sögunni skrifaði ég um að við værum mjög ástfangin. Ég var á leiðinni til Reykjavíkur með skipi en stoppaði við í Eskifirði því þar bjó hann. Þetta varð alveg rosaleg ástarsaga og ég leyfði eng-

um að sjá hana, því jafnvel þó að ég breytti aðstæðum og sagði t.d. að hann ætti heima á Eskifirði þá notaði ég okkar alvöru nöfn. Svo liðu nokkrar vikur þangað til litli bróðir minn, sem var alveg svakalega stríðinn, fann söguna og las hana upphátt fyrir vini sína. Auðvitað vissu allir um hverja sagan var og ég varð alveg bálreið. Ég tók bókina af honum og reif hana í tætlur. Svona fór um mína fyrstu sögu, en ég sé mjög mikið eftir henni. Þess vegna hef ég alltaf ráðlagt krökkum að geyma sögurnar og ljóðin sín sem þau búa til þegar þau eru litil, því það er svo gaman að skoða það þegar þau eru eldri og geta kannski sýnt börnunum sínum það. Ég gæfi mikið til þess að geta það núna.

Þú hefur líka skrifað handrit að leikritum, en hefur þú leikið sjálf?

Nei ekki mikið, ég lék aðallega í skólaleikritum og síðan í Menntaskólanum á Akureyri. Fyrsta leikritið skrifaði ég þegar ég var í grunnskólanum á Seyðisfirði en þar lék ég eitt af hlutverkunum líka. Mig hefur þó oft langað til þess að starfa með leikfélögum en ekki komið mér í það.

Hvað hafðirðu hugsað þér að verða þegar þú varst litil?

Ég ætlaði alltaf að verða leikona eða kvikmyndastjarna, enda

mikill leikhúsaðdáandi. Mér hafði aldrei dottið í hug að verða rithöfundur fyrr en ég var orðin fullorðin. Það varð samt aldrei neitt úr þessari kvikmyndafræðð sem ég hafði hugsað mér, heldur fór ég í kennaranám. Ég hafði kennt í nokkur ár þegar ég ákvað að hætta í eitt ár og prófa að vera rithöfundur. Mér þótti það mjög skemmtilegt og gefandi svo ég sneri mér algerlega að því. Núna gæti ég þó líka hugsað mér að verða leikhúsfraeðingur.

Hvert er næsta verkefni þitt?

Nú er ég að skrifa leikrit með lðunni systur minni sem ég vona að komist á fjalir Þjóðleikhússins. Síðan er ég að klára unglingsbókina sem ég byrjaði á um leið og *Kleinur og karrí*. Hún á að koma út í árslok.


Hver eru áhugamál þín fyrir utan að skrifa bækur?

Ég hef gaman af leiklist og bókmenntum og að ferðast. Ég ferðast mikið í þessu starfi og fer á alls kyns ráðstefnur í útlöndum, þó þykir mér ekki síður skemmtilegt að ferðast um Ísland. Á sumrin ferðast ég mikið um hálendið, enda mjög frískandi og gott fyrir hugmyndaflugið. Þar hef ég fengið margar góðar hugmyndir að bókum mínum.

Eftirtaldir viðskiptaaðilar skólans styrktu útgáfu blaðsins



Blikkverk sf.



Tölvuþjónustan
Akranesi

PK lagnir



GÍSLI JÓNSSON
KÖRFUBÍLAÞJÓNUSTA
OG LEIGA VINNUVÉLA

SÍMI 431 3480 - GSM 893 5536

Glerhöllin ehf.

Full búð af frábærri gjafavöru

Gjafavara - Leikföng - Búsáhöld
Fermingargjafir - Afmælisgjafir - Brúðargjafir

MIKIÐ ÚRVAL AF:

Ilmkertum - Kertakrúsum - Kertum - Postulínsdúkkum
Speglum- Geisladiskahengjum
Beinagrindastyttum - Tréstyttum og mörgu, mörgu fleiru.

Glerhöllin ehf.

Ægisbraut 30 Akranesi
Sími 431 2028 • Fax: 431 3828

Kíkið við
og lítið á
úrvalið!

Opnunartími:
Mánud.-föstud. 10-18
Laugardaga 11-14

Einangrunargler - Öryggisgler - Innrömmun - Speglar

Gæði í hverjum bita

Við sníðum tilboðið að þínum þörfum. Hafðu samband og athugaðu hvort við erum ekki með tilboð sem hentar þér.

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

Fjölskyldutilboð

Partýtilboð

Afmælistilboð

OPIÐ:

Vetrartími:

Sunnud.-fimmtud. kl. 11:30-22:00

Föstud. og laugard. kl. 11:30-23:30

Sumartími:

Sunnud.-fimmtud. kl. 11:30-23:30

Föstud. og laugard. kl. 11:30-01:00

Skólbraut 30 - Símar: 431 4767 og 755 6767



Að eiga börn í Grundaskóla frá upphafi

Það var einn dimman eftirmiðdag sem blaðamenn Púlsins gengu niður Skólbrautina í átt að lítill en þó notalegri verslun. Þetta var verslunin Rammar og myndir, en eigendur hennar þau Elín Klara og Steini hafa átt barn eða börn í Grundaskóla allt frá upphafi skólans árið 1981.

Við spjölluðum við Elínu Klöru og byrjuðum á því að spyrja um nöfn og aldur barnanna.

„Börnin eru fimm, elst er Steindóra 27 ára, þá Íris Dögg 26 ára, Helgi Dan 24 ára, Helena Rut 18 ára og yngst er Marella 14 ára.“

Okkur lék forvitni á að vita hvað þeim sem foreldrum fyndist um skólann og hvort hann hefði eitthvað breyst á undanförunum árum.

„Breytingarnar hafa verið gífurlegar og að mínu mati allar til hins betra, skólahúsnæðið hefur til að mynda stækkað mjög og öll aðstæða nemenda batnað. Börnunum okkar hefur a. m. k. öllum liðið mjög vel í skólanum og ég er sérlega ánægð með hvað þau hafa orðið sjálfstæð. Mér hefur fundist



að þrátt fyrir ákveðinn aga þá séu nemendur í Grundaskóla fremur frjálsir og þjálfist í að taka ábyrgð.“

Aðspurð sagðist Ella ekki hafa mótað sér ákveðnar skoðanir á einsetningu grunnskólans, sem nú er mjög í umræðunni, en teldi þó að hún hlyti að verða til hins betra, sérstaklega fyrir yngstu börnin og útvinnaforeldra.

Að lokum spurðum við Ellu

hvað henni þætti eftirminnilegast frá skólagöngu sinna barna. „Svona í fljótu bragði man ég ekki eftir neinu, það væri þá helst þegar Steindóra útskrifaðist úr 10. bekk. Hún var í fyrsta árgangnum sem útskrifaðist frá skólanum og okkur fannst það mjög stór stund að sjá kennarana standa með tårin í augunum að kveðja nemendurna.“

olis

uppgríp
tyr þig



SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF.

Að byrja í skóla



Hvað heitir þú?

Inga María.

Hlakkar þú til að fara í skóla? Já alveg rosalega mikið.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

Læknir.

Ertu hrædd við unglunga?

Nei, nei, þeir eru góðir, sérstaklega frændi minn.



Hvað heitir þú?

Kristín.

Hvað gerir þú í skólanum?

Ég leik mér og læri.

Ertu hrædd við unglunga?

Já, stundum, sérstaklega stóra unglunga.

Kanntu einhverv brandara?

Einu sinni voru tvö ber úti að ganga, þá sagði annað berið við hitt: „Mér er svo kalt“.

Þá sagði hitt berið: „Það er ekki skrítið, þú ert ber“.

Brúum bilið

Að byrja í skóla er stór viðburður í lífi hvers barns og má fullvíst telja að flest finni þau fyrir bæði kvíða og tilhlökkun þegar stóri dagurinn nálgast.

En er ekki svolítið mikið fyrir krakkana að stökkva allt í einu út úr leikskólanum yfir í grunnskóla þar sem þeir þurfa að læra að axla aukna ábyrgð og sinna námi. Þetta er vissulega stórt stökk en til þess að auðvelda krökkunum það hefur verið komið á samstarfsverkefni milli grunnskólanna og leikskólanna á Akranesi. Það nefnist Brúum bilið og felur í sér að kynna leikskólakrökkunum skólastarfið og undirbúa þá fyrir skólagönguna. Til að fá nánari upplýsingar um þetta verkefni tókum við tali þær Guðlaugu M. Sverrisdóttur leikskólakennara í Garðaseli og Ástu Egilsdóttur sem kennir 1. bekk í Grundaskóla, en þær áttu frumkvæðið að þessu verkefni.

Í hverju felst verkefnið Brúum bilið?

Það er verið að reyna að brúa bilið á milli þessara tveggja skólastiga og gera stökkið á milli leikskóla og grunnskóla þægilegra.

Er þetta verkefni búið að standa lengi?

Það hófst formlega árið 1994 þegar við tvær tókum okkur saman um þetta, en fyrstu tvö árin var þetta bara á milli Grundaskóla og Garðasels. Þegar skólaskrifstofan hér á Akranesi var síðan opnuð yfirtók hún verkefnið og báðir grunnskólarnir og allir leikskólarnir urðu þátttakendur. Þetta samstarf virðist komið til að vera, því að nú er það orðið hluti af skólánámskrá.

Hefur verið leitað til ykkar annars staðar af á landinu?

Já, það hefur verið leitað mikið til okkar og spurt út í þetta samstarf milli skólastíganna tveggja. Nú þegar hefur skólaskrifstofan haldið námskeið um það fyrir Vestlendinga. Og svo höfum við tvær verið fengnar til að halda nokkra fyrirlestra á Suðurlandi og á Ísafirði.

Hvað gerið þið til þess að auðvelda leikskólakrökkunum stökkið?

Við förum í skólastjóraheimsóknir, þá heimsækja leikskólakrakkarnir bæði Grundaskóla og Brekkubæjarskóla og kynnst aðeins skólalífina á Akranesi. Síðan fer t.d. leikskólinn Garðasel bara í heimsóknir í Grundaskóla og krakkar þaðan koma í heim-

sókn í Garðasel. Það samstarf höfum við skipulagt þannig, að fyrst fara 7-8 krakkar með einum starfsmanni frá Garðaseli í heimsókn í Grundaskóla, en síðan er þetta eins konar val einu sinni í viku og þá geta krakkarnir valið hvort þau vilja fara aftur. Vorskólinn er svo í maí í eina viku, þar sem leikskólakrakkarnir fara í skólann sem þau eiga að fara í um haustið og prófa hvornig það er að vera í skóla. Skólakrakkarnir eru þá á meðan í leikskólanum Garðaseli. Svo endar þetta allt á svokölluðum „Húllum hæ“ degi, þar sem krakkarnir skemmta sér í leikjum og kynna alls konar verkefni sem þau hafa unnið í skólanum og leikskólanum.

En hvað með íþróttir? Er eitthvað gert til að kynna leikskólakrökkunum íþróttahúsið?

Já, þau fara einu sinni í viku í íþróttahúsið og eru þá með kennara sem kemur til með að kenna þeim íþróttir í 1. bekk.

Hvernig gagnast þetta börnunum?



Þau verða miklu öruggari með sig þegar þau byrja í skólanum og eru að mestu leyti laus við þessa hræðslu að byrja í skóla og þekkja hvorki eitt né neitt í þessu nýja umhverfi. Þess vegna er það gott að þau séu búin að prófa að fara með okkur í heimsókn, því þegar þau svo byrja í skólanum þá þekkja þau kannski kennarann sinn og jafnvel einhverja krakka úr eldri bekkjunum.

Finnst krökkunum þetta gaman?

Jú, þeim finnst þetta mjög skemmtilegt, en umfram allt spennandi. Svo eins og áður kom fram þá fá leikskólakrakkarnir að velja einu sinni í viku hvort þeir vilja fara aftur og þá er algengara að þroskuðu krakkarnir velji að fara. Skólakrökkunum finnst skemmtilegast að hitta gömlu leikskólakennarana aftur og sjá hvað hefur breyst og hvað ekki.

SKESSUHORN

Nútíma margmiðlun á upplýsingaöld

Blaðaútgáfa

Internetþjónusta - vefsmiðja

Fréttþjónusta fyrir ljósvakamiðla

Útgáfuþjónusta - prentvinnsla

Markaðsráðgjöf

Sími 430 2200

www.skessuhorn.is

Fax 430 2201

skessuhorn@skessuhorn.is

Skessuhorn ehf. - til sjávar og sveita

Minningar útskriftarnema

Árgangur 1984 kveður

Árið 1990 gekk stór, fjörugur hópur af 6 ára nemendum inn í þennan skóla. Þær Guðlaug Sverrisdóttir og Ásta Egilsdóttir tóku á móti þessum grislingum opnum örmum, enda óvenju skemmtilegur hópur.

Skólinn byrjaði með miklum látum. Ótal lygasögur voru sagðar og virtist oft sem sumir nemendur gætu ekki séð mun á ímyndun og veruleika. Þar voru Gunnar og Lára fremst í flokki og er okkur efst í huga þegar Lára sagði okkur frá frænku sinni sem hafði verið étin af hákarli þegar hún datt útbyrðis af Akraborginni en einnig er fjársjóðskistan, sem pabbi Gunna fann á hafsbotni og geymdi heima hjá sér, okkur minnstæð.

Þegar skólinn byrjaði, uppgötvaðum við nýja leiki og var kyskys og útaf sá vinsælasti. Sérstakleg kunnu strákarnir vel að meta þann leik og kysstu og eltu stelpurnar eins og þeir ættu lifid að leysa.

Í öðrum bekk sá kókgellan (eins og Sigtryggur vildi láta kalla sig) um annan bekkinn. Hann var nú



ekki frá því að börnin þyrftu að læra hvernig fjölga ætti mannkyninu og lagði mikla áherslu á þá kennslu í kristinfræðitímum.

Það var einnig í öðrum bekk sem María fór á kostum þegar hún múnadi sig í sögustund hjá Margréti smíðakennara, öllum til mikillar skemmtunnar.

Bryan Adams var í miklu uppáhaldi hjá strákunum sem sungu lög með honum allan daginn.

Í þriðja bekk gekk allt snurdu-

laust fyrir sig, enda voru það þær Daðey S. Einarsdóttir og Ásta Egilsdóttir sem stjórnuðu með miklum aga.

Þegar krakkarnir byrjuðu í 4. bekk, byrjuðu bekkjarkvöldin svokölluðu, öllum til ómældar ánægju, nema kannski kennurinum. Á þessum bekkjarkvöldum byrjuðu krakkarnir að vera "samman" og ekki seinna vænna, enda orðin 9 ára og að eigin mati næstum fullorðin.

Í 5. bekk bættust 9 nýir nemendur í hópinn og urðu þá tísku-sýningarnar æ vinsælli hjá stelpunum en einnig varð mjög vinsælt að stelast inn í einhverjar lausar stofur í skólanum og fara í fatapóker.

Uppreisnarsemin lét fyrst bæra á sér í þessum bekk og er það frægt þegar nemendur 5. DE fóru í verkfall og gengu berserksgang um skólann með mótmælaspjöld á lofti. Ástæða mótmælanna var sú að þeir vildu fá fri í skólanum eins og ÁE bekkurinn fékk vegna fótboltamóts sem halda átti morguninn eftir. Þessi mótmælaganga var fljótt stöðvuð af starfsmönnum skólans sem greinilega höfðu ekki sömu réttlætiskennnd og nemendurnir.



Í 6. bekk hófst mikill ríður á milli bekkjanna um það hvorir væru betri í fótbolta. Oft lá við slagsmálum og ekki batnaði það þegar 6. bekkur bar sigurorð af 7. bekk.

Í Skorradalsferðinni sem farin var í 6. bekk gerðust margir skemmtilegir og sköndnir atburðir. Axel fór á kostum þegar hann hljóp á langferðabifreiðina sem flytja átti hópinn heim og þótt undarlegt megi virðast tókst ekki að koma farartækinu í gang eftir þann árekstur. Þurfti því að hringja eftir nýrri rútu til að flytja hópinn heim. Í þessari sömu ferð neyddist svo einn nemandi til að



hinum ýmsu stöðum í stofunni og þegar mjólkinn súrnaði sprakk fernan og gaus þá upp alveg ólýsanlegur óþefur. Leiddi það oft til þess að ein og ein kennslustund féll niður en til þess var einmitt leikurinn gerður. Ekki má nú heldur gleyma því þegar fáeinir nemendur úr 7. EPS lögðu leið sína niður á bryggju þar sem rússneskur togari lá. Sigríður Helga fór fyrir hópnum og var ætlunin að ganga um borð. Einhverra hluta vegna tók hópurnir þó þá ákvörðun að geyma heimsóknina til betri tíma tekin og segir ekki af frekari kynnum við Rússana.

Í Reykjaskóla gerðust margir ógleymanlegir atburðir. Má þar nefna þegar nokkrir strákar slógu ógleymanlega í gegn með Prodigy

sofa inni hjá kennurinum vegna næturbrólts.

Um veturinn fór árgangurinn svo í sitt fyrsta skíðaferðalag. Aðeins 1/3 hluti hópsins fékk skíði og því ákváðu nokkrir galvaskir drengir að leigja sér snjóbretti með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Í fyrsta lagi kunnu þeir nákvæmlega ekki neitt á snjóbrettin og svo gerðust þeir stórhuga og ætluðu með stóralyftunni alla leið upp á topp og renna sér svo niður. Einn drengjanna ákvað eftir stutta ferð að hér skyldi hún enda, kastaði sér úr lyftunni og var sóttur af snjósleða þangað sem hann lá.

Í 7. bekk tóku drengirnir uppá þeim ósið að fela mjólkurfernur á





Fréttir frá Foreldrafélagi Grundaskóla



Aðalfundur Foreldrafélags Grundaskóla var haldinn 30. september s.l. Á fundinum var kosin ný stjórn sem er þannig skipuð starfsárið 1999 - 2000:

Steinunn Sigurðard., formaður, Edda Agnarsdóttir, varaformaður, Þórunna Halldórsdóttir, ritari., Katrín Leifsdóttir, gjaldkeri og Rut Hinriksdóttir, meðstjórmandi.

Rut kom ný inn í stjórnina en við hinar gáfum allar kost á okkur annað ár.

Í upphafi starfsársins ákvað stjórnin að standa fyrir fræðslufundum sem höfða skyldu til foreldra barna á mismunandi skólastigum þ.e. fyrir 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk.

Fyrsti fundurinn var haldinn mánudaginn 22. nóvember s.l. Þar var mættur Illugi Jökulsson pistlahöfundur m.m. sem talaði um aga og agaleysi og spunnust ansi fjörugar umræður um það efni. Fundurinn var ætlaður foreldrum barna í 5.-7. bekk.

Annar fundurinn var haldinn þriðjudaginn 18. janúar s.l. Á þann fund mætti Elías Jón Sveinsson hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri á meðferðarstöðinni Teigi, og ræddi hann um tilfinningar í viðum skilningi. Fundurinn var mjög vel sóttur af foreldrum og þótti fróðlegur og skemmtilegur. Fundurinn var ætlaður foreldrum barna í 1.-4. bekk.

Til stóð að halda fræðslufund um fíkniefnamál á haustmánuðum, fyrir foreldra barna í 8.-10. bekk. Á sama tíma var Helga Gunnarsdóttir skólafulltrúi að vinna að því sama fyrir báða skól-

ana. Því varð úr að við munum standa saman að þessari fræðslu.

Forvarnar og fræðslueld lögreglunnar í Reykjavík mun annast fræðsluna og fer hún væntanlega fram 4. og 5. maí. og er ætluð unglingunum og foreldrum þeirra. Farið verður í svokallað "Maritaverkefni" sem samanstendur m.a. af mynd með viðtölum við fíkla og aðstandendur þeirra og fræðslu frá lögreglunni. Ég vil hvetja alla foreldra sem fá boð á þennan fræðslufund til þess að mæta.

20. nóvember s.l. héldum við ásamt foreldraráði og foreldrafélaginu í Brekkubæjarskóla vinnufund um einsetningu grunnskólanna á Akranesi. Allir foreldrar barna í skólunum báðum voru boðaðir á fundinn en hann var því miður mjög illa sóttur. Engu að síður unnu þeir foreldrar vel sem mættu. Eftir fundinn var unnin greinargerð sem send var til formanns einsetningarnefndar (sem skipuð var af bæjarstjórn). Greinargerðin verður birt í næsta fréttabréfi foreldrafélagsins.

Önnur verkefni sem stjórn félagsins hefur unnið að í vetur tengjast 7.-10. bekk:

1. Við hvöttum mjög til þess að foreldrar ræddu og undirrituðu svokallaða foreldrasamninga. Tilgangurinn með þeim samningi er m.a. að ná samstöðu meðal foreldra um ákveðnar reglur og viðmið einkum er varðar reykingar og áfengis/fíkniefnaneyslu. Talið er að með viðtækri samstöðu foreldra í þessum efnum megi ná árangri í forvarnarstarfi.

2. Katrín Leifsdóttir tók að sér að skipuleggja og „sjá um“ for-

eldraróltið í vetur. Foreldrar hafa tekið virkan þátt í róltinu á föstudagskvöldum og vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka það. Þá vann hún ásamt fulltrúa frá Brekkubæjarskóla og félagsmálayfirvöldum „Leiðbeinandi reglur fyrir foreldraróltið á Akranesi“. Foreldrar höfðu bent á að ekki væru nægjanlega skýrar vinnureglur til en nú er búið að bæta úr því

Í febrúar sendi félagið fréttabréf til allra foreldra í skólanum.

Á undanförunum vikum hefur verið umræða um fíkniefnaneyslu grunnskólanemenda. Sú hugmynd hefur verið rædd innan stjórnarinnar að auka gæslu á skólalóðinni og næsta nágreppi við skólann þegar böll eru haldin fyrir elstu nemendurnar.

Þeir sem annast sölu á fíkniefnum eru mjög vel skipulagðir og foreldrar þurfa að huga vel að því hvernig þeir geta varið börnin sín.

Ég vil hvetja foreldra til þess að ræða þessi mál í sínum hópi og koma með ábendingar til foreldrafulltrúa eða stjórnarmanna í foreldrafélaginu um það hvað foreldrar geti gert sameiginlega í þessu máli.

Að lokum vil ég hvetja foreldra til þess að taka virkan þátt í foreldrastarfinu og stuðla þannig að enn betri vinnustað fyrir börnin okkar.

Steinunn Sigurðardóttir, formaður.

atriðinu viðfræga og veðmáli milli Óttars og Elís Þórs, en þar vann sá fyrrnefndi sér inn fullan disk af ýsu og soðnum kartöflum oj.

Ekki má gleyma hinum frábæru knattspyrnutöktum Sigu Ragnars kennara. Í æsispennandi leik fékk hún sendingu upp kantinn og . . . flaug á hausinn með þeim afleiðingum að hún sleit krossbönd í öðru hnénu.

Í 8. bekk tók Ragnheiður Ásgeirsdóttir við 7.EPS og um leið flutti árgangurinn sig um set og hóf nám í unglingadeildinni. Þessi tími reyndist mörgum erfiður og á tímabili hélt hópurinn að mestu til í kennslustofunum enda allir dauðhræddir við eldri krakkana.

Í lok 8. bekkjar var farið í ferðalag á Snæfellsnes og gist eina nótt á Lýsuhóli. Í ferðinni gafst tækifæri til að fara í siglingu og reyna sig við veiðar og fara upp á Snæfellsjökul með snjótroðara.


Svo var það fermingarundirbúningurinn og ferðalagið í Skálholt með séra Birni og séra Eðvarð. Vakti það mikil mót-mæli drengjanna þegar þeir komust af því að þeir ættu að sofa í hálfgerðu kofaræksni á meðan stelpurnar létu fara vel um sig á 5 stjórnú hóteli.

Í 9. bekk gerðist einnig margt skemmtilegt. Ógleymanleg verður óvissuferð þar

sem ýmsir nemendur sýndu stórkostleg tilþrif á skautum. Í þeirri ferð tóku nokkrir upp á því að hringja í Davíð Oddsson úr ráðhúsinu og lyfturnar í því sama húsi voru líka vinsælar. Þann sama dag fengu sársvangar endurnar á tjörninni loks tækifæri til að gæða sér á dýrindis braudi héðan frá Akranesi.

Í mars var haldið í tveggja daga skíðaferðalag í Skálafell með Sigu og Ragnheiði í fararbroddi. Þar var skíðaiþróttin stunduð í úrhellisrigningu og lítið sofið um nóttina.

Nú í 10. bekk fer veru okkar hér í þessum skóla senn að ljúka. Það er skrýtin tilhugsun að eiga eftir að kveðjast í vor og öruggt að margir munu sakna skólans. En við hugsum ekki svo mikið um það núna. Það eina sem kemst að í hugum okkar eru Samræmdu prófin sem nálgast óðfluga. Nú standa kennararnir alla daga sveittir upp við töflu og reyna að kenna okkur allt það sem gleymst hefur að kenna okkur síðustu 10 árin. Við vonum að það takist.





Óskum nemendum og starfsfólki
Grundaskóla gleðilegs sumars
og 10. bekkingum góðs gengis
á samræmdu prófunum í vor



Kodak
EXPRESS
GÆÐA FRAMKÖLLUN

mita

ljósritunarvélur

Bókabúð Andrésar

Sími 431 1855 • Kirkjubraut 54 • Akranesi



Heimilistæki með reynslu

Candy

SIEMENS

Creda

ZANUSSI

GRAM

rafbjónusta
sigurdórs ehf

SKAGABRAUT 6 - 300 AKRANES
SÍMI 431 1902 & 431 2156

Frá foreldraráði Grundaskóla

Undirritaðri hefur verið falið að fjalla í stuttu máli um starf og hlutverk foreldraráðs Grundaskóla.

Í ráðinu sitja þrjú foreldrar og jafnmargir til vara. Ráðið er kjórið á almennum fundi að hausti til tveggja ára í senn þannig að annað árið eru kjörnir tveir nýir aðal- og varafulltrúar og hitt árið einn og eru allir forráðamenn nemenda, sem ekki eru starfsmenn skólans, kjörgengir Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir upplýsingar um starfið í skólanum. Í foreldraráði Grundaskóla er þannig fyrirkomulag að allir nefndarmenn sitja fundi, einnig varamenn, en það auðveldar alla vinnu ráðsins, og gerir alla vinnuna skemmtilegri.

Hópurinn hefur unnið afar vel saman og skipting verkefna verið dreifð.

Í ár sitja eftirtaldir ráðið: Ástríður Sigurðardóttir, Úrsúla Árnadóttir, Gísli Björnsson, Valdís Valdimarsdóttir, Unnur Arnarsdóttir, Dóra Björk E. Scott. Björn Þórðarson hefur verið hópnur til aðstoðar. Unnur og Dóra komu nýjar inn í haust.

Þegar talað er um foreldraráð

grunnskólanna er því oft ruglað saman við foreldrafélögin, enda eru dæmi þess að sömu aðilar gegni störfum fyrir báða hópana samtímis.

En hver er munurinn á foreldraráði og foreldrafélögu?

Í stuttu máli eru hlutverk foreldrafélöga að halda almenna foreldrafundi, að virkja sem flesta foreldra í foreldrastarfi, miðla upplýsingum, vera þrýstiafl, standa að ýmiskonar fjármögnun og að vera bakhjarl foreldraráðs.

Hlutverk foreldraráðs er aftur á móti að fjalla um ýmis innri mál efni skóla eins og öryggismál, skólatíma, skóladagatal, mat á skólastarfi, endurmenntun kennara o.fl. er varðar starfsemi skólans. Einnig fjallar foreldraráð um áform um skólabýggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir og skilar umsögn um þau atriði til skóla og skólanefndar. Samkvæmt grunnskólalögum (16.gr.) skal foreldraráð vera starfandi við grunnskóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Í vetur hefur m.a. verið komið á grunni að samstarfi við foreldraráð Brekkubæjarskóla, farið hefur verið yfir fjárhagsáætlun Grunda-



skóla, skólanámsskrá og haldinn fundur með nemendaráði skólans auk ýmissa minni verkefna.

Með þessari stuttu upptalningu vona ég að lesendur séu einhvers vísari um hlutverk og verkefni foreldraráðsins í vetur.

Ástríður Sigurðardóttir

Ljóð

Haustið

Á haustin detta laufblöð af trjánum.

Grasið skemmist.

Grasið verður gult.

Greinarnar detta af trjánum.

Þá verður kaldara.

Þá verður hvassara.

Bjarki, Kristján, Andri, Hallur, Árni og Róbert í 2. SK

Sumarljóð

Blómin vaxa.

Litlu börnin leika sér.

Ólgandi sólskin.

Mamma vökvax blómin sín.

Inni er heitt.

Nonni nýtur sín

Ásgerður Hlynsdóttir 5. JK.

Haustljóð

Trén vagga og laufin verða rauð,
gul og brún.

Fuglarnir flýja til heitari landa.

Ungarnir fæðast í Íslands skógum

og lóan hverfur á brott með sitt

dirrindi.

Ólöf Vala Schram 5. JK

Árshátíðargullkorn

Eins og venja er þegar mikið stendur til notuðu kennarar hverja mínútu til að undirbúa atriðin. Fóru rækilega yfir texta, stöður á sviði, hneigingar o.s.frv. Mættu svo með hópinn sinn vel æfðan á frumsýningu. Þegar svo þriðji bekkur stóð baksviðs og átti tæpa mínútu eftir í sýningu stekkur einn nemandi upp og spyr kennarann háspenntum rómi: „Heyrðu kennari, hvenær verður svo árshátíðin? Er hún kannski núna á eftir?“

Og svo var það nemandi í 4. bekk sem sagði spenntur við kennarann: „Systir mín horfði á mig og bekkinn minn í gær og hún var svo hrifin að hún fékk 10 gæsa húðir!“

Frá nemendaráði

Nemendaráð Grundaskóla árið 1999-2000 er þannig skipað:

Formaður:

Sólveig Sigurðardóttir 10. RÁ

Varaformaður:

Erla Þóra Guðjónsdóttir 10. RÁ

Gjaldkeri:

Sara Karlsdóttir 10. SR

Ritari:

Rut Berg Guðmundsd. 9. SA

Meðstjórnendur:

Bjarnfríður Leósdóttir 9. SK

Þórður Már Gylfason 9. LJ

Líney Hermannsdóttir 10. SR

Marianna Pálsdóttir 8. LK

Hörður Unnsteinsson 8. RE

Umsjónarmaður:

Karl Ómar Karlsson

íþróttakennari

Hver bekkur kys sér einn aðalfulltrúa og annan til vara. Formaður og gjaldkeri eru síðan kosnir í almennri kosningu í unglingadeildinni.


Nemendaráð er tilbúið til að leggja mikið á sig til að halda uppi fjölbreyttu og skemmtilegu félagslífi. Stuðningur og þátttaka nemenda unglingadeildar skólans er hinsvegar nauðsynleg forsenda til að svo megi verða.

Fastir liðir í félagslífinu eru að grunnskólarnir á Akranesi skiptast á um að halda svokölluð opin hús á miðvikudagskvöldum. Annan hvern föstudag eru svo böll, ýmist í Arnardal, Brekkubæjarskóla eða Grundaskóla.

Síðan skólinn hófst í september hafa verið haldin nokkur stór böll. Þar má nefna hæfileikakeppni í nóvember, jólaball í desember og árshátíðarball í mars.

Klúbbstarfssemi hefur verið í lágmarki en þar sem nemendur eru einkar áhugasamir er ætlunin að reyna að auka hana.

Í skólanum er m.a. boðið uppá þyðhokki, borðtennis, billiard og skemmtilega tónlist.



Nemendur færa skólanum góða gjöf

Í nóvembermánuði sl. færðu nokkrir nemendur skólans Grundaskóla góða gjöf. Var þar um að ræða ræðupúlt, bíúð lesljósi, skammeli og fullkomnum hljóðnema. Ræðupúltið er smíðað úr beykilímtré og framan á því er merki skólans unnið úr messing, kopar og galvaníseruðu stáli.

Ræðupúltið var smíðað af hópi vaskra drengja undir stjórn Elís Þórs smíðakennara. Hugmyndin að verkinu varð til þegar nemendurnir vildu gjarnan smíða eitthvað sem væri varanlegt og kæmi skólanum jafnframt að góðum notum.

Ekki er að efa að gjöf þessi mun í framtíðinni setja skemmtilegan svip á ýmar hátíðarstundir hér í skólanum en fram til þessa hefur verið notast við marglita krossviðskassa í stað ræðupúlts.

Nemendafjöldi og breytingar á starfsliði skólans

Í vetur eru nemendur skólans 467 í 25 bekkjardeildum. Fjöldi starfsmanna er svipaður og undanfarin ár, kennslumagn og kennarafjöldi eykst þó lítillega.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum frá s.l. vetri. Jón Þór Þórðarson íþróttakennari, Mariella Thayer myndmenntarkennari og Guðmundur S. Gíslason hættu störfum við skólann. Borghildur Jósúadóttir er í námsleyfi í Danmörku og Ólöf Guðjónsdóttir í árs barneignarleyfi. Þá eru Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, Eygló Gunnarsdóttir og Helena Bergström í barneignaleyfum hluta af vetri. Nýir kennarar eru Ingibjörg Eggertsdóttir íþróttakennari og umsjónarkennararnir Elin Björk Davíðsdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir, Sigríður G. Ólafsdóttir, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir og Sigurveig Kristjánsdóttir. Eygló Karlsdóttir kennir valsvæðakennslu og Eydís Línal Finnboadóttir kennir náttúrufræði í 10. bekk. Að auki hefur Jóhanna Árnadóttir kennt dans í vali í 9. og 10. bekk.

Björk Elva Jónasdóttir tók við starfi Hallveigar Skúladóttur sem skólahjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar og Lára Hagalín Björgvinsdóttir kom til starfa í skóladagvist.

Um lífið og tilveruna

1. Hvað eru skýin mörg?
2. Af hverju er sólin gul?
3. Hvar er sólin á nóttunni?

Sigríður Edda Valdímarsdóttir:

1. Skýin eru fjórtán.
2. Því að hún er svo heit.
3. Af því að nóttin kemur og sólin fer að sofa.



Hulda Brynjarsdóttir:

1. Skýin eru hundrað.
2. Því hún er eldur.
3. Hún er með vængi og flýgur bara burt.



Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir:

1. Skýin eru átján.
2. Því sólin er svo heit.
3. Því að sólin er lengst í burtu og hún sést ekki á daginn.



Eybór


Gunnarsson:

1. Skýin eru hundrað.
2. Því hún er svo heit.
3. Sólin fer niður á nóttunni en svífur síðan upp á daginn.



Arnþór Freyr Símonarson:


1. Skýin eru milljón.
2. Af því sólin er eldur.
3. Því hún flýgur.



Haraldur Böðvarsson hf.

www.hb.is

Viðtal við sr. Eðvarð Ingólfsson



Árið 1997 urðu prestaskipti hjá okkur hér á Akranesi. Séra Björn Jónsson lét af störfum fyrir aldurs sakir og við tók séra Eðvarð Ingólfsson. En hver er hann þessi nýi prestur okkar? Fulltrúar úr ritnefnd skólablaðsins tóku hús á Eðvarði einn morguninn og reyndu að kynnst honum nánar, en eitt af prestverkum hans fyrsta starfsárið var einmitt að ferma þann árgang er mun útskrifast úr Grundaskóla nú í vor.

Eðvarð tók á móti okkur í Safnadarheimilinu hlýlegur í bragði.

Aðspurður um fjölskylduadstæður sagðist hann vera kvæntur Bryndísi Sigurjónsdóttur og eiga þrjú börn, Elísu, Ingólf og Sigurjón.

Eðvarð er fæddur fyrir nálægt 40 árum og lá honum svo mikið á að komast í heiminn að hann fæddist á stofugólfinu heima hjá afa sínum.

Það var ekki fyrr en eftir stúdentspróf að Eðvarð fór að hafa áhuga á guðfræði, það að verða prestur var aldrei æskudraumur hans. Áður en hann fór í guðfræðideild starfaði hann hjá Rás 1 með unglingsbátt og var svo einn af fyrstu starfsmönnum Rásar 2. Einnig var hann ritstjóri barnablaðsins Æskunnar í 5 ár. Hann hóf loks nám í guðfræði 29 ára gamall, en guðfræði er 5-6 ára háskólanám. Á meðan á náminu stóð kom Eðvarð hingað á Akranes í starfsþjálfun.

Hann var skipaður prestur á Skinnastað í Öxarfirði eftir að hafa lokið guðfræðinni, þrátt fyrir að hafa ekki þekkt muninn á hænu og hesti og hlējandi segir hann frá því að hann hafi meira að segja lent á bestu bújörðinni.

Áð hans mati er mikill munur á prestsstarfinu á Akranesi og Skinnastað. Á Skinnastað fermdi hann, skírði, gifti og jarðsöng um 20 manns á ári en hér eru það um 250 manns.

Á Skinnastað þurfti hann að skapa sér verkefni sjálfur og var iðinn við það en hér á Skaganum er alltaf nóg að gera við að húsvitja, skipuleggja safnadarstarf, ferma, gifta, jarðsyngja, skíra, heimsækja dvalarfólk á Höfða og veita sálhjálp og kemur það stundum fyrir að hann er kallaður út um miðja nótt til þess að koma að dánarbedi eða tilkynna andlát. Auk þessa alls er hann svo með viðtalstíma 4 daga vikunnar.

Við flutning frá Skinnastað hingað á Akranes árið 1997 fjölg-

aði sóknarbörnum Eðvarðs um 5000 manns og segir hann að það hafi bæði sína kosti og galla að sinna prestsstarfi á svona stórum stað. T.d. taki lengri tíma að læra nöfn á fermingarbornunum núna því þau séu tíu sinnum fleiri hér heldur en á Skinnastað, og þar af leiðandi er fermingarstarfið á Skinnastað persónulegra heldur en hér. En eru unglingsarnir ólíkir á þessum stöðum? Hann svarar þeirri spurningu neitandi og segir svo alls ekki vera. Unglingar séu alltaf samir við sig.

Eðvarð er ekki aðeins þekktur sem prestur heldur einnig sem rit höfundur og hafa flestir unglingar á Íslandi lesið einhverja af bókunum eftir hann.

Hann hefur gert hlé á ritstörfunum eftir að hann gerðist prestur. Það hafa komið út eftir hann 15 bækur, þar af 8 unglingsbækur, 1 barnabók og 6 ævisögur. Hann segist sakna skriftanna en nú fær hann útrás fyrir ritþörf sína með því að skrifa ræður, predikanir, minningarorð og fleira sem tengist kirkjunni á einn eða annan hátt.

Aðspurður um hvers vegna hann hafi skrifað svona margar unglingsbækur segir hann að honum hafi á sínum tíma fundist vanta bækur sem fjölluðu um nútímaværuleika íslenskra unglinga. Fyrsta bók hans var Gegnum



bernskumúrinn og fylgdu margar þar á eftir. Þær vinsælustu voru 15 ára á föstu og framhald hennar; 16 ára í sambúð.

Auðvelt var fyrir hann að skrifa um unglinga því hann hefur alla tíð unnið og verið mikið með unglingum. Segir að umgengni við þá haldi sér ungunum.

Þegar við spurðum hann af hverju hann hafi valið Akranes sem sitt prestakall segir hann að þetta sé kjörinn staður til að ala upp börn, hér sé mjög gott félagslíf og hérna sé mjög vel hlúð að embætti sóknarprests. Hér er m.a. mjög gott safnadarheimili og skrifstofa, en á Skinnastað var skrifstofan á heimilinu. Einnig segir hann að staðsetningin sé mjög

góð, nú býr hann mitt á milli ættingja sinna sem eru í Reykjavík og á Snæfellsnesi. Hann bætir við að þeim hafi verið tekið vel þegar þau fluttu hingað, miklu betur en þau höfðu þorað að vona.

Á seinasta ári komu 18 þús. manns í kirkju til Eðvarðs og að hans mati er fólk hér mjög áhugasamt um mál kirkjunnar.

Margt er á döfinni í kirkjumálum á Akranesi þ.á.m. poppmessa 5. og 12. mars en hún er liður í því að auka unglingsstarfið.

Við kvöddum mun fróðari um kirkjustarf á Akranesi, en ekki síður um manninn Eðvarð Ingólfsson.



Morgunsumd
gefur gall í mynd

BJARNALAUG OPIN:
Mán. - Föst. kl. 7:30 - 9:00
Þrið. - Fim. kl. 12:00 - 13:00
Föst. (upph. laug í 33°) kl. 16:30 - 19:00
Föst. ungl. tímar kl. 19:00 - 22:00
Sími 431 1218

JADARBAKKALAUG OPIN:
Mán. - Fös. kl. 06:45 - 21:00
Laug. og sun. kl. 09:00 til 18:00
Sími 431 2643

Jadarsbakkalaug og Bjarnalaug
AKRANESI

Myndir úr skólalífinu



Myndir úr skólalífinu



Hljómsveitin BISUND

Bann 16. október 1999 lögðum við félagarnir þrjú af stað til Reykjavíkur til að taka þetta viðtal við hljómsveitina Bisund. Við hittum fyrst einn hljómsveitarmedlimanna, Birki að nafni, á BSÍ. Hann kom á bíl að sækja okkur og lá leiðin síðan niður í Kringlu þar sem bróðir hans Andri ætlaði að hitta okkur. (Við stoppuðum í versluninni Japis á meðan við biðum eftir Andra. Loks kom hann og við röltum um Kringluna í smá tíma.) Fyrst var ætlunin að taka viðtalið í bílnum hans Andra en þegar inn var komið sáum við að hann var of lítill þrátt fyrir glæsileika. Þá tókum við til bragðs að fara út úr kerrunni og drífa okkur eitthvað áleiðis og lá leiðin í garðinn hjá Sparisjóðnum. Viðtalið gekk eins og í sögu og myndatakan enn betur. Við kvöddum síðan þessa snillinga eftir frábært viðtal.

Nafn, aldur, hvaðan komið þið?
(Andri) Ég heiti Andri og er 19 ára gamall, ég bý núna í Grafarvoginum en er ættaður frá Reyðarfirði.

(Birkir) Ég heiti Birkir og er 21 árs, ég bý í Árbænum en er upp-

haflega frá Reyðarfirði, við tölum oft um okkur bræðurna sem Reyðfirðinga.

Hvað hafið þið starfað lengi saman og hvernig hóf hljómsveitin feril sinn?

(Andri) Við byrjuðum árið '97. Ég, Aggi og Raggi sem eru gítarleikarinn og bassaleikarinn. Þegar svo Birkir kom frá útlöndum leist honum vel á það sem við vorum að gera og slóst í hópinn.

Hvernig tónlist spilið þið?

(Andri) Framsækið hart rokk.

(Birkir) Framsækið þungt rokk án nokkura landamæra.

Fyrstu tónleikarnir sem þið spiluð á?

(Andri) Það var um verslunarmannahelgina '97, í bílskúrnum hjá Ragga og opinberlega spiluðum við fyrst á Pönk '97.

Hvers vegna eruð þið að hætta?

(Andri) Bara, okkur langaði að fara að gera eitthvað annað.

(Birkir) Og það var farið að vera leiðinlegt á æfingum. Aggi er kominn í hljómsveitina Klink og skemmtir sér eins og konungur þar og við erum allir að fara að gera eitthvað annað.

(Andri) Ég sjálfur er kominn í 2

bönd.

(Birkir) Ég er að fara stofna mitt eigið band og er líka í Stjörnu-kisa þannig að það er nóg að gera.

Uppáhaldshljómsveit og lag?

(Birkir) Þetta er geggjáasta spurning sem ég hef á ævi minni heyrt.

(Andri) Erud þið að tala um í augnablikinu eða ever.

(Við) Bæði.

(Birkir) Uppáhaldslagið mitt er "Trooper" með Iron Maiden.

(Andri) Uppáhaldshljómsveit mín er D... junior og lagið heitir "Water"

(Birkir) Núna er ég að hlusta á "In hope" með "Boy sets fire", það er lag sem ég set á fóninn þegar ég kemst í stuð.

Þið eruð með heimasíðu, er það ekki?

(Birkir) Jú, flottustu heimasíðuna í bransanum.

Hafið þið spilað í öðrum hljómsveitum?

(Andri) Fyrsta alvöru hljómsveitin sem við vorum í hét "Prozac" og Birkir spilaði á trommur og ég söng. Þá var ég 14 ára og við tókum þátt í einhverri keppni og lentum í 3. sæti, það var mjög brútal band.

(Birkir) Bandið var alveg langt á undan sínum samtíma og við spiluðum svipada tónlist og við spilum núna, það var svona metal með hardcore ívafi án þess að við vissum af því og við vissum ekki einu sinni að slíkt væri til.

(Birkir) Svo var ég í hljómsveit sem hét Gledisveitin döðlurnar og svo vorum við í hljómsveit á Reyðarfirði. Þetta voru alltaf

sömu strákarnir, einn hætti og annar kom í staðinn. Og Andri spilaði með hljómsveitinni Marbletti. Ég var í hljómsveit sem hét Kristur drepinn þar sem söngvarinn var með harmonikku en það var samt geðveikt brútal.

Er einhver boðskapur í textunum?

(Andri) Já, það er einhver sko, en ég hef ekki mikið verið að spá í hver hann er, það er eitthvað þarna á bakvið sko.

(Birkir) Einhverjar hugleiðingar um viðtal við Bisund kannski.

Er einhver munur á tónleikagestum á höfuðborgarsvæðinu og úti á landbyggðinni?

(Birkir) Já, það er munur. Þegar við spilum í Reykjavík þá hittast alltaf sömu krakkarnir.

(Andri) Þeir eru ófemrnari við að fara út á gólfid og þeir vita hvað er að gerast.

(Birkir) Þeir kunna lögin.

(Andri) Úti á landi raða sér allir meðfram veggjunum.

(Birkir) Og reyna að vera eins langt frá bandinu og hægt er. Maður þarf bara að spila oftari úti á landi þá kæmust þeir frekar inn í þetta. Hérna er hægt að hafa senu því borgin er svo stór.

Gerid þið eitthvað sérstakt áður en þið farið á svið?

(Andri) Mætum of seint.

(Birkir) Ég mæti á réttum tíma og bið eftir bróður mínum. Við Raggi mætum á réttum tíma en Andri og Aggi mæta of seint. Svo hita ég upp hendurnar á mér svo þær stíðni ekki upp og ég hlusta yfirleitt á hljómsveitirnar sem spila á undan okkur og dansa oft á meðan þær spila, það er ágætt.

(Andri) Ég reyni að stilla gítarinn.

(Birkir) Já, þið stillið gítarana. Það er svona það eina sem við gerum. Ef Bjössu úr "Mínus" er á sama stað þá hitar hann mig upp, þessi elska. Það er alveg brilliant er hljómsveitirnar á undan fá mann til að dansa.

Haldir þið að það verði einhver söknuður þegar þið hættið?

(Andri) Nei, það held ég ekki.

(Birkir) Það er náttúrulega til fólk sem filaði okkur. Og það fólk



vill náttúrulega ekki að við hættum. En það kemur bara eitthvað annað skemmtilegt í staðinn. Þessi tími sem við höfum verið að spila fyrir þessa krakka hefur verið frábær.

Hvað finnst ykkur um önnur bönd eins og Mínus, Shiva og Brainpolice?

(Andri) Þetta eru bara geðveik bönd.

(Birkir) Akkurat þessi bönd sem þú nefndir eru öll ótrúlega ólík.

(Andri) Já, einmitt, Shiva eru mjög mikið öld school.

(Birkir) En samt með nýju yfirbragði. Shiva er eitt svakalegasta band á Íslandi og þeir gera það sem þeir vilja.

(Birkir) Mínus verður betri með hverjum deginum sem líður og hljómsveitin er ótrúlega þétt þessa dagana. Það er ýmislegt í gangi hjá þeim í sambandi við útlönd, en Shiva er þéttasta livebandið.

Hvað þýðir Bisund?

(Birkir) Það er tékkneskt heiti yfir klósettpappír.

(Andri) Það er nýsjálensk gullmynd, úrelt orð.

(Birkir) Álika úrelt og Andri, því hann fann þetta upp. Þetta gæti þýtt dragsúr.

Og hver eru svo áhugamálin?

(Birkir) Andri er mikið í sjóstangaveiði.

(Andri) Eiginlega bara tónlist hjá mér.

(Birkir) Hjá mér er það eigin-

lega bara tónlist. Ef ég er ekki að spila tónlist þá er ég að skrifa um hana og svo er ég alltaf af og til að gramsa í dordinguls heimasíðunni. Svo er ég ásamt einum vina minna í svolitlu verkefni eins og stendur, það verkefni fáið þið svo seinna að heyra um.

(Andri) Það verður bómba.

(Birkir) Önnur áhugamál eru bara að lesa bækur og teiknimyndablöð, og safna eldspýttustokkum og Andri á geðveikt safn af pennum.

Hvað tekur við?

(Birkir) Andri er að fara til Texas með kærustunni sinni.

(Andri) Heimsendir.

(Birkir) Það segja allir heimsendir í viðtölum.

(Birkir) Hljómsveitin sem ég er að byrja á byrjar að æfa um leið og við fáum húsnæði.

(Birkir) Svo er ég líka í Stjörnu-kisa.

(Birkir) Andri ætlar líka að skreyta kökur.

Eitthvað að lokum?

(Birkir) Fáid ykkur bíl eins og Andri á (hlátur).

(Birkir) Um leið og maður er orðinn 16 ef ekki 18 ára slá þá lán, kaupa bíl og fara með vinum sínum til Spánar.

(Andri) Að lokum ef ykkur langar að spila í hljómsveit og hafið ekki lært á gítar eða neitt annað hljóðfæri, kaupid þið ykkur þá gítar og byrjið.

Ari, Guðjón, Hafþór

to: www.netbanki.is

Ókeypis bankþjónusta
- í Netbanka Íslandsbanka!

Bankavilskipti á Netinu síðan 1996

Skoðanakönnun

Eins og undanfarin ár stóð ritstjórn skólablaðsins fyrir skoðanakönnun þar sem nemendur unglíngadeildarinnar voru sæmdir hinum ýmsu stórmerkilegu titlum. Niðurstöður skoðanakönnunarinnar nú í ár urðu eftirfarandi:



Bjarki Þór Guðmundsson. Fast á hæla hans fylgdi Einar Berg Smárason og Jóhann Ragnarsson lenti svo í þriðja sæti.

Best klæddi strákurinn

Bjarki Þór sópaði til sín titlunum nú í ár en hann var einnig valinn best klæddi strákurinn. Í öðru og þriðja sæti urðu Einar Berg Smárason og Sturla Birgisson.



Flottasti rassinn (strákur)

Enn einn titillinn til Bjarka (við látum eina andlitsmynd af honum nægja). Þar rétt á eftir kom hinn rasssæti Einar Berg og í þriðja sæti varð Jóhann Ragnarsson.

inum nú í ár. Þær stöllur Íris Ósk og Anna María urðu síðan í öðru og þriðja sæti.

Glæsilegasta stelpa

Í þeim flokki hafði Anna María Sigurðardóttir sigur og kom það víst engum á óvart. Í öðru sæti varð Íris Ósk Einarsdóttir og í því þriðja Sara Karlsdóttir.

Kroppur skólans (stelpa)

Þann titil hlaut Anna María einnig. Íris Ósk Einarsdóttir veitti henni þó harða keppni og formaður nemendafélagsins Sólveig Sigurðardóttir lenti í þriðja sæti.



Glæsilegasti strákurinn

Að þessu sinni varð fyrir valinu hinn stórkostlegi trommuleikari



Flippaðasta týpan

Edda Ósk Einarsdóttir varð hlutskörpust þar. Axel Freyr varð í öðru sæti og Telma síhlējandi Guðmundsdóttir númer þrjú.

Flottasti rassinn (stelpa)

Elisabet Rut Heimisdóttir taldist skarta flottasta stelpurass-



Kroppur skólans (strákur)


Jóhann Ragnarsson og Kristinn J. Halldórsson urðu hlutskörpastir þar en einnig hlaut Sturla Birgisson fjölda atkvæða.

Best klædda stelpa

Fyrir valinu varð hin yndisfríða Erla Þóra Guðjónsdóttir, þar á



eftir komu síðan þær stöllur Íris Ósk og Anna María.



Mesta breinið

Í þeim flokki sigraði hinn fjallmyndarlegi og ofurgáfaði Harald Björnsson og í öðru sæti varð Máni Atlason.



Besta sálin

Hinn góðhartaði og yndislegi ljósmyndari, Eyþór Friðriksson, sigraði þar með yfirburðum

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

Lögmansstofa
Tryggva Bjarnasonar
Húsamálun Þórðar Jónssonar
Akur
Almenni Ökuskólinn
Verkfræðipjónusta Akraness
B.Ó.B Vinnuvélar
Rafnes
Útlit
Hjá Allý
Málningarþjónustan
Trico ehf.
Vélaverkstæði Hjálta Njáls

Verslunin Bjarg
Skagaver
Fasteignasalan Hákot
Sýslumaðurinn Akranesi
Harðarbakarí
Tungusól
Hljómsýn
Samvinnuferðir-Landsýn
S. Sverrisson
Smurstöðin
Olís Nesti
Vélsmiðja Ólafs Guðjónssonar
Model

Blómlegt félagslíf

Húllum hæ dagurinn

Undanfarin ár hefur svokallaður Húllum hæ dagur verið fastur liður í unglíngastarfi Grundaskóla.

Húllum hæ dagurinn í ár gekk mjög vel fyrir sig og hófst á samsöng þar sem nemendur í 8., 9. og 10. bekkur komu saman og horfðu á skemmtiatriði og sungu nokkur lög.



sem nemandur áttu þess kost að gæða sér á grilluðum pylsum og djúsi að hætti Habbýjar og Guðrídur.

Þar með lauk þessum fasta og ómissandi lið í skólastarfinu.

glæsilegu) Nina Björk og Sólveig.

Keppnin hófst á glæsilegu opunaratriði 3 stórmyndarlegra drengja úr 10. bekk í Grundaskóla og vakti það mikla lukku eins og fleira í þessari keppni. Keppninni var skipt í þrjá flokka. Byrjað

var á hátónsbarkanum þar sem sjö keppendur stigu á svið og stóðu sig með miklum ágætum. Hátónsbarki kvöldsins var kosin Vera Knútsdóttir, hún söng lagið Private Emotions.

Næst á dagskrá var keppni hljómsveita og var mikill fjöldi hljómsveita sem steig á stökk og vöktu þær mikla lukku. Þar sigrði



Glæsibandið funky-gæs sem skipað er fimm bráðefnilegum "funkgrúvurum" þeim Bjarka, Steina, Gunna, Sturra, Sturlu og gestasöngvari í bandinu þar Sigurbjörn. Að lokum voru það almenn atriði og voru veitt verðlaun fyrir besta og frumlegasta atriði kvöldsins. Að þessu sinni voru þeir Sigurbjörn og Óttar með besta atriðið en þeir röppuðu frumsamið lag og skrötsuðu á DJ-græjur sínar. Frumlegasta atriði kvöldsins þótti vera tríóið Tyrkneskar froskalappir sem þær Oddný, Liney og Rut skipuðu og fluttu þær óvenjulega



Að samsöng loknum var svo haldið út í íþróttahús og keppt í nokkrum íþróttagreinum. Dagskráin í íþróttahúsinu hófst með troðslukeppni, limbó og boccia.

Að því loknu var komið að hinum árlega knattspyrnuleik milli nemenda og kennara, keppnin hófst með miklum látum þar sem lið nemenda var stutt af krafti og lið kennara að sama skapi þjáð niður.

Leiknum lauk með sigri kennara 4:2. Lið kennara komst upp með að svindla og marði sigur, enda manni fleiri. Mörk kennara skorðu þeir Karl Ómar, Gunnar Sturla og Sigurður Arnar setti tvö mörk. Lið nemenda stóð sig mjög vel en náði ekki að knýja fram sigur, enda einum færri eins og áður hefur komið fram. Mörk nemenda skorðu Þorsteinn Gíslason úr víti og Elvar Árni skoraði fallegasta mark sem litið hefur dagsins ljós í hinum árlegu knattspyrnuleikjum gegn kennurum. Að loknum knattspyrnuleik var síðan keppt í blindrabolta og spilaleik.

Að lokinni hátíð í íþróttahúsinu var svo haldið aftur upp í skóla þar

Hip-hop útgáfu af Tyrknesku Rondói Mozarts.

Þessi hæfileikakeppni þótti takast alveg glimrandi vel en um 70 þátttakendur stigu á svið og einnig vakti keppnin töluverða athygli í bænum. Það sást best á því að húsfyllir var í Grundaskóla af foreldrum, kennurum og gömlum nemendum skólanna. Að okkar mati á mestan heiður skilinn fyrir þessa keppni kennarinn okkar, hann Flosi Einarsson, sem lagði ómælda vinnu í undirbúning og þjálfun keppenda fyrir keppnina. Sér til aðstoðar við undirleik í Hátónsbarkakeppninni fékk hann frábæra tónlistarmenn úr gamalgróna bandinu TÍBRÁ þá Eðvarð Lárusson, Eirík Guðmundsson og Jakob Garðarsson.

Árshátíðin 1999

Árshátíðin síðastliðinn vetur var einn stærsti viðburður skólalífsins hér í Grundaskóla. Var hún haldin dagana 24.-25. mars, en sýningar eingöngu ætlaðar nemendum voru þann 23. mars.

Skemmtiatriði komu frá öllum yngri árgöngum skólans en frá 8.-10. bekk voru það þó einungis krakkar í leiklistarvali sem tróðu upp.

Formaður nemendafélagsins flutti ávarp í byrjun hvernar sýningar. Fyrstur á svið var síðan leiklistarhópurinn með leikritið Krimmann. Það fjallaði um misheppnaða sýningu leikhóps og var undir stjórn Gunnars Sturlu Hervarsson.

Að því loknu flutti 1.-2. bekkur lög úr Ávaxtakörfunni. Þriðja atriðið var barnakór Grundaskóla undir stjórn Dóru Lindal. Þar á



eftir kom atriði 3. bekkinga Hífum-i bræður. 4. bekkingar sýndu okkur svo glæsilega takta með Grease dansi.

Á tveim sýningum skemmti 2. ÓG og þuldu þau frumsamda þulu um fót. Það var einu sinni drengur nefndist svo atriðið sem 5. bekkur sýndi. 6.-7. bekk var skipt í tvo hópa. Hvor hópur samdi og sýndi eitt leikrit. Leikritin hétu Elliheimilið árið 2070 og Barbie. Að lokum söng svo skólakór Grunnskóla Akraness nokkur lög.

Þessi liður skólastarfsins er að okkar mati ómissandi, gefur okkur nemendum skólans tækifæri á koma fram, að ógleymdu því hvað við skemmtum okkur vel.

Árshátíðin 2000


Hin árlega árshátíð Grundaskóla var haldin dagana 22. og 23. mars sl. Með henni lauk þemavinnu, þar sem dregið var úr hefðbundinni kennslu og í stað þess lögð áhersla á að minnast uppruna okkar Akurnesinga. Fengust nemandur við ýmsa vinnu tengda landnámi Íra hér og kristnitökunni.

Nemandur skemmtu síðan sjálfum sér og öðrum á fjórum almennum sýningum ásamt sérstökum sýningum fyrir nemendur.

Mjög fjölbreytt efni var á þessum sýningum og var margt af því frumsamið af þessu til efni.

Dagskráin hófst með ávarpi Sólveigar Sigurðardóttur formanns

nemendaráðs og síðan lék hljómsveitin Kraumfenginn nokkur lög. Meðlimir hljómsveitarinnar eru nokkrir vaskir drengir úr 9. og 10. bekk. Fyrsti bekkur sýndi trölladans. 3. bekkur flutti leikrit um landnám Jörundar á Akranesi og 2. bekkur söng lagið „Ég á góðan vin“. 4. bekkur sýndi írskan dans, 5. bekkur flutti leikritið Guðirnir okkar í gamla daga og 6. bekkur leikgert söngatriði um hana Hríseyjar Mörtu. Nemandur 7. bekkja sýndu í leikritinu „Helgarferð til



Dyflinnar" hvernig landinn á það til að haga sér í útlöndum.

Unglingarnir létu heldur ekki sitt eftir liggja. Nemandur leiklistarvals 9. og 10. bekkjar fluttu leikritið "Ævintýri Svandisar og Daníels" eftir þá Gunnar Sturlu Hervarsson og Flosa Einarsson og stelpur úr 9. og 10. bekk dönsuðu Cha Cha.

Á sýningunum komu einnig fram bæði Barnakór Grundaskóla og Skólakór Grundaskóla.

Sýningar þessar þóttu allar sérlega vel heppnaðar og þema þeirra írskir dagar mjög viðeigandi þar sem Akranesbær mun minnast landnáms Íra á Akranesi með ýmsum hætti nú í ár.



1. ÁE

1. SRR



1. SÓ

2. RE




2. SI

2. SK



3. GB

3. LK



3. SG




4. EJ

6. HJ



4. MRJ



6. SG



5. JK

7. EBD



5. SS



7. EPS





7. SP



9. SA




8. LK



9. SK




8. RE




10. RÁ



9. LJ



10. SR



Stíghækkandi afsláttur á kvöldin og um helgar af samtölum í eitt númer sem þú velur: 10% eftir 5 mín., 15% eftir 15 mín. og 20% eftir 30 mín. (Stíghækkunin á við hvert stakt samtöl.)

Frábær sparnaðarleið fyrir þá sem nota Internetið mikið, einnig þá sem hringja mikið í eitt númer.

Frí skráning á netinu - ekkert mánaðargjald.



VINIR & VANDAMENN INNANLANDS veita þér 10% afslátt af samtölum í þau þrjú númer í almenna símakerfinu sem þú hringir oftast í. Númerin veljast sjálfkrafa.

Frí skráning á netinu - ekkert mánaðargjald.

Vinir & vandamenn

Síminn býður nú upp á tvær nýjar sparnaðarleiðir til að lækka símreikninginn. Kynntu þér hvor þeirra hentar þér betur því aðeins er hægt að velja aðra þeirra.

Það er engin fyrirhöfn að skrá sig: þú ferð annaðhvort inn á heimasíðu Símans, www.siminn.is, og skráir þig frítt, eða hringir í síma 800 7000, en þá kostar skráningin 295 krónur.

2 nýjar
sparnaðarleiðir
frá Símanum
HVOR HENTAR ÞÉR?

Frí skráning!
á www.siminn.is



www.siminn.is

Skráðu þig á www.siminn.is eða í gjaldfrjálstu númeri

þjónustuværs Símans 800 7000, þar sem opið er allan sólarhringinn.



Gróðursetning

Fyrst komum við
Í skólann.
Svo löbðuðum við
af stað upp í sveit.

15 ára unglingar í 10. bekk
komu með okkur.


Við hoppuðum í pollunum.
Því það er svo gaman
að skvettu á unglöngana.
Það var vont veður og rigning.

Við fórum að gróðursetja
tré með holustaf.
Fyrst gerðum við holuna.
Svo settum við tré í.

Svo þurftum við að stíga
í kringum plöntuna.
Við gróðursettum margar plöntur.

Svo fórum við aftur heim.
Sumir voru á hestbaki
á unglöngunum.

Ferðin var erfið
En okkur fannst gaman.
Höf. 1. bekkur



Hágæða útprentun á skömmum tíma

Við hjá Prentverki Akraness vorum að taka í notkun stafræna prentvél og litljósritunarvél beintengda við tölvur sem hentar vel fyrir minni upplög t.d. nafnspjöld, veggspjöld, glærur og fleira.



Upplagt fyrir ritgerðir og skýrslur í litlu upplagi



PRENTVERK AKRANESS HF.
Heiðargerði 22 • 300 Akranes
Sími: 431 1127 • Fax: 431 1804
Netfang: prak@aknet.is



EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

Trésmiðjan Birki ehf	Hrói Höttur
Mjöltnir h.f.	Sjúkraþjálfun Georgs
Café 15	Endurskoðunarskrifstofa
Viðskiptaþjónusta Akraness	Jóns Þórs Hallssonar
Þorgeir & Ellert h.f.	Landsbanki Íslands h.f.
Þorgeir og Helgi h.f.	Skútan
Sjóvá Almennar	Almenna Verkfræði- og teiknistofan
Olíufélagið h.f.	Bókaskemman
Hörpuútgáfan	Bókaverslun Andrésar
Trésmiðja Gísla S. Sigurðssonar	Tannlæknastofa Jónasar
Bifreiðastöð ÞÞÞ	Hjólbarðaviðgerðin
Málningarbúðin	Knörr
Híbýlamálun	Eldvarnamiðstöðin
Pípulagningarþjónustan	JGR Borgarnesi
Mánablóm	Runólfur Hallfréðsson
Fiskverkun Eymars	Verslunin Einar Ólafsson
Ver	Búnaðarbanki Íslands h.f.
Reynir Jóhannsson	Handraðinn
Hárhús Kötlu	Gámaþjónustan
Íslenska Járblendifélagið h.f.	Brauða- og Kökugerðin
Straumnes	Axel Sveinbjörnsson ehf.
Bílver ehf.	Guðgeir Svavarsson
Fiskverkun Jóhannesar	

Abbababb með meiru:

Hverjir eru Abbababb?

Við í ritnefnd skólablaðsins spurðum okkur þessarar spurningar og fórum svo og leituðum svara hjá einum meðlimi Abbababb Gunnari Sturlu Hervarssyni fyrrum kennara við Grundaskóla. Gunni vinnur núna í Arnardal og þangað fórum við og heimsóttum hann.

Gunni sagði okkur að hljómsveitin hafi verið stofnuð fyrir um 9 árum og voru stofnfélagar þeir Karl Hafsteinsson og Einar Viðarsson. Þegar þeir hófu hljómlistaferil sinn kunnu þeir nú ekki mikið til verka svo þeir sömdu bara lög í þremur tónum en að Gunna sögn breyttist það til batnaðar þegar hann bættist í hópinn. Þá voru þeir Karl, Guðmundur, Einar, Ómar og Svartí Pétur í hljómsveitinni.

En hvert er þá hlutverk Gunna í þessari stórmerku hljómsveit?

Jú hann segist nú aðallega vera í því að semja lög og syngja ásamt þeim Erlingi og Einari.

Eins og áður var komið fram þá kenndi Gunni hér í Grundaskóla í fyrravetur og kemur vonandi aftur til starfa síðar. En Gunni er ekki eini kennarinn sem hefur verið viðloðandi þessa hljómsveit. Flosi Einarsson hefur veitt hljómsveitinni ómetanlega aðstoð. Flosi er



að sögn Gunna talinn einn kvenlegasti „meðlimur“ hennar. Kannski er það þess vegna sem Flosi eða Flossý er látinn syngja lagið „Á kvöldin er ég kona“.

Hljómsveitin Abbababb hefur nú nýverið gefið út diskinn Gargandi snilld. Diskurinn var gefinn út vegna þess að þeir áttu heilmikið lagasafn í handraðanum og einnig af því að þeir voru að fara sinn í hverja áttina og vildu eiga einhverja minningu um þetta allt saman.

Við forvitnuðumst einnig um búningana sem þeir spiluðu í á tónleikunum í Fjölbautaskólan-

um. Gunni segir að þeir hafi upprunalega ákveðið að vera skátar þegar þeir sáu að í Rúmfatalagernum voru til bleikar skátaskýrtur á 100 kr. en þeim fannst ekkert finnið að vera bara skátar, svo þeir ákváðu að vera gay-scouts.

En er einhver í hljómsveitinni samkynhneigdur?

Gunni sagðist ekki halda það, en þó var hann ekki viss um einn meðliminn, Einar Viðarsson sem fór á kostum á tónleikunum.

Við undirrituð tókum okkur til og hringdum í Einar sem mót-mælti öllum slíkum hugleiðingum kröftuglega.

En er hljómsveitin Abbababb að hætta?

Nei, að sögn Gunna stefna þeir að því að halda svokallaðan aðalfund einu sinni á ári og jafnvel tónleika á líka oft. Einnig bætti hann því við að þeir litu á sig sem (nokkuð góða) skemmtikrafta, en ekki hljómsveit.

Að lokum vildi Gunni koma þessum skilaboðum til umheimsins:

Kaupið diskinn, því hann er rosalega flottur og dýr. OG LENGI LIFI MANCHESTER UNITED.





Trésmiðja Þráins getur gert ýmislegt fleira fyrir þig en að byggja **hús**. Seljum alla **almenna byggingarvöru**. Eigum ávallt gott úrval af **smíða efni**, umboð fyrir Reynor bílskúrs- og iðnaðarhurðir

Við neglum og sögum...

Nokkur dæmi:

Við smíðum

t.d. sólpalla, handrið, girðingar, glugga, útihurðir, stiga, eldhús-innréttingar, fataskápa og flest það sem þér dettur í hug.

OG HÖFUM TIL SÖLU FLEST ÞAÐ SEM VIÐ Á (AÐ ÉTA...) s.s. timbur, einangrun, plast, vegg- og loftklæðningar, þak- og vindpappa, kambstál, þakjárn, pallaefni, plötur ýmiskonar, saum, skrufur, vinkla, kítta, þéttilista og margt fleira.

FÖNDUR
sögum niður og seljum föndurefni

Sérvinnsla á efni samkvæmt ósk þinni og þörfum s.s. hillur, skápar & margt fleira

Framleiðum og seljum m.a.:

- ☞ handrið
- ☞ innipanil
- ☞ utanhúsklæðningar s.s. **kúlupanil & bjálkaklæðningu** „gasalega lekkert“
- ☞ geretti (slétt og skraut)
- ☞ glerlista
- ☞ grindarefni
- ☞ afréttlista o.m.fl.

ERUM LJÚFMENNI
Í SAMNINGUM



Vesturgötu 14 • Akranesi
Sími: 430 3660 • Farsími: 893 6975
Bréfsími: 430 3666

Grundaskóli



16758193